

BRÁÐABIRGÐALÖG**1****um breyting á lagaákvæðum um verðtolla.**

4. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss að vegna þess að póstmálastjórnin hafi talið það aðkallandi að hætta að kvitta fyrir tollgjöldum af póstsendingum með frimerkjum, hafi þegar verið notuð heimild tolllaga til að breyta til um kvittunaraðferð, en af því hefir leitt, að tvennskona kvittunaraðferð hefir skapast í tollheimtunni, en þar sem það getur verið hættulegt hagsmunum ríkissjóðs og þetta verður ekki samræmt nema í byrjun reikningsárs í tollheimtunni, teljum Vér brýna nauðsyn þera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Fyrirmælin í lagaákvæðunum um verðtoll um það, að stimpla skuli innkaupsreikninga með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75 27. júní 1921, eru úr gildi numin. Innheimtulaun af verðtollum skulu þó vera sem áður.

Fjármálaráðherra skipar fyrir um kvittun fyrir verðtollum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 4. janúar 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.